

Spennubásar við Hólalands- veg, Borgarfjörður eystri, Múlaþing

Úttektarskýrsla minjavarðar

Þuríður Elísa Harðardóttir
2023



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland



Höfundur
Þuríður Elísa Harðardóttir

Ljósmyndir
Þuríður Elísa Harðardóttir

Ljósmynd á forsíðu
Horft til suðursausturs yfir svæðið

© 2023
Minjastofnun Íslands

Öll réttindi áskilin

Minjastofnun Ísland
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Iceland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Efnisyfirlit

1.	Aðdragandi vettvangsferðar.....	4
2.	Niðurstöður	4
3.	Heimildaskrá	5

Grunnupplýsingar

Verkefnanúmer Minjastofnunar Íslands:
3137

Tilgangur úttektar:
Byggingarframkvæmdir


Staðsetning:
Rafstöð við Hólalandsveg (LL157317)

Dagsetning vettvangsferðar:
27. október 2023

1. Aðdragandi vettvangsferðar

Minjastofnun Íslands barst ofangreint svæði til umsagnar. Þar sem ekki liggur fyrir skráning fornleifa, húsa og mannvirkja innan svæðisins kynnti minjavörður sér fyrirbyggjandi svæði til að leggja mat á það hvort kalla þyrfti eftir frekari gögnum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda eða afgreiða aðal- eða deili-skipulag án undanfarandi skráningar fornleifa, húsa og mannvirkja sbr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Framkvæmdarsvæðið er vestan við rafstöðina sem er reist árið 1977. Samkvæmt loftmynd frá miðri síðustu öld var svæðið þá tún. Heimildir benda ekki til minja innan svæðisins sem er að hluta til raskað vegna seinni tíma framkvæmda.



Mynd 1 – Úttektarsvæðið.

2. Niðurstöður

Engar þekktar menningarminjar eru innan svæðisins né benda heimildir til þess að minja sé að vænta innan þess. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvífalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt

að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

3. Heimildaskrá

Kristborg Þórsdóttir. (2018). *Fornleifaskráning á Borgarfirði eystri: Deili-skráning á hafnarsvæði og skráning vegna ljósleiðara*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.

Landmælingar Íslands. *Loftmyndasafn*.

<https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn>

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1999). *Menningarminjar í Borgarfirði eystri. Svæðisskráning*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.

Skipulagsvefsjá Múlaþings.

<https://www.map.is/mulathing>

Túnakort Bakka. (1917). Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.